

**Ed.**

## **21. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarafurðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 67. löggjafarþingi, 1947.)

1. gr.

1. málslíður 6. gr. laganna orðist svo:

Verðlagsgrundvöllur sá, er um ræðir í 4.—5. gr., svo og verðlagning söluvaranna, skal ákveðinn í fyrsta skipti fyrir 30. ágúst 1947 og gildir eftir það þar til annar verðlagsgrundvöllur er fundinn.

2. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Reynist nauðsynlegt til að fullnægja eftirspurn neytenda að slátra sauðfé fyrir 15. sept., skal framleiðsluráð verðskrá kjöt af því fé með hliðsjón af gildandi verðlagi og framleiðslukostnaði, en þeim mun hærra sem nemur áætluðum þyngdarauka kindanna að viðbættum þeim aukakostnaði, sem fylgir því að slátra að sumrinu samanbórið við að slátra í sláturtíð að haustinu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskránnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

### Fylgiskjal.

**Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarafurðum.**

### **FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Að atvinnumálaráðherra hefur tjáð mér, að frestur sá, sem ákveðinn er í 6. gr. laga nr. 94 1947, til þess að ákveða verðlagsgrundvöll þann, sem um ræðir í 4. og 5. gr. laganna, svo og verðlagning söluvara, hafi reynzt of skammur. Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða hafi ekki tekizt að afla nægilegra upplýsinga til þess að ákveða verðlagsgrundvöllinn fyrir 1. ágúst n. k., og beri því brýna nauðsyn til, að fresturinn verði framlengdur til 30. ágúst n. k. Jafnframt þurfi að breyta 7. gr. laganna, þar sem ekki sé tryggt, vegna téðrar frestunar, að haustverð kjötsins verði ákveðið áður en sumar-slátrun hefst.

Vegna þessa gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskránnar á þessa leið:

1. gr.

1. málslíður 6. gr. laganna orðist svo:

Verðlagsgrundvöllur sá, er um ræðir í 4.—5. gr., svo og verðlagning söluvaranna, skal ákveðinn í fyrsta skipti fyrir 30. ágúst 1947 og gildir eftir það þar til annar verðlagsgrundvöllur er fundinn.

2. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Reynist nauðsynlegt til að fullnægja eftirspurn neytenda að slátra sauðfé fyrir 15. sept., skal framleiðsluráð verðskrá kjöt af því fé með hliðsjón af gildandi verðlagi og framleiðslukostnaði, en þeim mun hærra sem nemur áætluðum þyngdarauka kindanna að viðbættum þeim aukakostnaði, sem fylgir því að slátra að sumrinu samanbórið við að slátra í sláturtíð að haustinu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 30. júlí 1947.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Bjarni Ásgeirsson.*